

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 177/2017****2019/EES/52/28****frá 22. september 2017****um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun ráðsins (ESB) 2017/738 frá 27. mars 2017 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB um öryggi leikfanga, að því er varðar blý, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/898 frá 24. maí 2017 um breytingu, að því er varðar samþykkt tiltekinna viðmiðunarmarka um íðefni, sem eru notuð í leikföng, á viðbæti C við II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB um öryggi leikfanga, að því er varðar bisfenól A <sup>(2)</sup>.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 1a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB) í XXIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32017 L 0738**: Tilskipun ráðsins (ESB) 2017/738 frá 27. mars 2017 (Stjttíð. ESB L 110, 27.4.2017, bls. 6),
- **32017 L 0898**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/898 frá 24. maí 2017 (Stjttíð. ESB L 138, 25.5.2017, bls. 128).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti tilskipana (ESB) 2017/738 og (ESB) 2017/898, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(3)</sup>.*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Sabine Monauni**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 110, 27.4.2017, bls. 6.<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 138, 25.5.2017, bls. 128.<sup>(3)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.